



HAUSTFERÐ ELDRI BORGARA Í GARÐABÆ TIL LISSABON 18-22 SEPTEMBER 2023,

FARARSTJÓRI : LILJA HILMARSDÓTTIR.

- 18.sept. Flug með PLAY til Lissabon kl. 15.00. Við lendingu bíður rúta eftir hópnum sem flytur alla á hotel Pestana CR 7, mjög fínt 4* hotel og gríðarlega vel staðsett.
- 19.sept. Skoðunarferð um borgina hefst kl. 10.00 og stendur yfir í fjóra tíma. Farið verður vítt og breitt um borgina og það markverðasta skoðað. Um kvöldið fara allir saman á FADO kvöld en Portúgal er heimsfrægt fyrir FADO tónlist sína. Þríréttaður kvöldverður.
- 20.sept. Byrjum daginn á að fara saman í gönguferð áður en þið fáið daginn frjálstan og getið skoðað ykkur betur um og farið á eitthvert hinna fjölmörgu safna sem eru í borgina t.d. Sjóminjasafnið/siglingasafnið þar sem módel af gömlu konungabátunum frá 17 og 18 öld – og Gulbenkian safnið sem kennt er við stofnenda sinn. Þökk sé þessum ágæta manni fyrir eitt stærsta safn dýrmætra listaverka í heimi. Kvöldið er frjálst.
- 21.sept Eftir morgunverð munum við skoða hið fræga Alfama hverfi. Við notum TUK TUK farartæki þeirra í Lissabon með leiðsögn og njótum litlu torganna, garðanna og útsýnisins. Um kvöldið förum við saman út að borða á fínun veitingastað í göngufæri frá okkar hóteli Fáum þríréttaðan mat - bjór, vatn og kaffi er innifalið - en ekki vín. Einnig innifalið fyrir þá sem vilja skoða bjórgerðarsafn, sem er í sömu húsakynnum og veitingastaðurinn.
- 22.sept. Losum herbergin kl 12.00 og leggjum af stað kl. 13 með allan okkar farangur í rútna í skemmtilega og fróðlega skoðunarferð um yndislegt landslag Portugal og á vegi okkar verður strandbærinn Cascais, hið glæsilega hérað Sintra þar sem konungar Portúgal byggðu hallir sínar m.a. litríku Sintra Pena höllina og National Palace sem við munum skoða. Förum líka á vestasta höfða meginlands Evrópu, Copa da Roca. Við eyðum um 5-6 klukkustundum í þessa skoðunarferð og endum út á flugvelli kl 19 og erum þá tilbúin til brottfarar.

Pakkaverð pr mann í tvíbýli er kr 167.800.- Innifalið er: flug með PLAY með 1x20 kg tösku fyrir hvert herbergi + 1xhandfarangur pr mann (42x32x25 cm) eða bakpoka. Gisting á 4* hóteli Pestana CR7 með morgunverði, akstur til og frá flugvelli og íslensk fararstjórn. Kostnaður á eins manns herbergi er kr 49.700.- Viðbótargjald fyrir skoðunarferðir og kvöldverði í Lissabon: a) skoðunarferðin um borgina þar sem portugalskur leiðsögumaður fer með okkur, b) FADO sönginn og kvöldverð að hætti heimamanna, c) aftur sameiginlegan kvöldverð í nágrenni hótelsins, d) og skoðunarferðina þann 16 september þar sem portugalskur leiðsögumaður er líka með og aðgangur í National Palace ...er samtals 170 Evrur , sem greiðast þegar út er komið.